

## MINNISBLAÐ

Efni: Tillögur fjármálaráðuneytis um breytingar á frumvarpi til laga um fjárreiður ríkisins.

Á síðasta þingi var þetta frumvarp lagt fram í fyrsta sinn. Það varð ekki útrætt og er því lagt fram að nýju lítið breytt. Á Alþingi var frumvarpinu vísað til sérnefndar til umfjöllunar. Hún lagði til nokkrar breytingar á efni þess. Þær sneru einkum að því að setja ríkari kröfur til upplýsingagjafar um ríkisfjármál auk þess að marka sérstöðu æðstu stjórnar ríkisins og um samráð við fjárlaganefnd áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar.

Þessu til viðbótar hafa borist ábendingar um breytingar sem tekin er afstaða til, m.a. hafa fjárfestingalánasjóðir gert athugasemdir við efni 21., 29. gr. og 43. gr. frumvarpsins. Loks má nefna að vilji ráðuneytisins er fyrir því að fella efni frumvarps um þjónustusamninga, sem lagt var fyrir Alþingi s.l. vetur, inn í frumvarpið um fjárreiður ríkisins.

Við gerð þessa frumvarps sem nú er lagt fram hafa allar tillögur þingnefndarinnar, aðrar en þær sem snúa að sérstöðu æðstu stjórnar, skv. 20. gr., 30. gr. og 33. gr. verið felldar inn í texta þess ásamt breytingum sem gerðar eru vegna ábendinga sem borist hafa, en um þær hefur verið fjallað af ríkisreikningsnefnd.

Hér á eftir er gerð grein fyrir breytingum sem lagt er til að gerðar verði á upphaflega frumvarpinu þegar það er lagt fram að nýju.

**2. gr.**

Skilgreining á ríkisaðila er endurorðuð þannig:

**"Ríkisaðilar eru þeir sem fara með ríkisvald og þær stofnanir og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu ríkisins".**

**3. gr.**

Í stað orðanna Til hans teljast "ríkissjóður og ríkisstofnanir" í upphafi 1. tölul. komi: **"ríkissjóður, æðsta stjórn ríkisins, ráðuneyti og ríkisstofnanir"**.

**7. gr.**

Til að skýra merkingu greinarinnar betur er á eftir orðinu "ríkisreiknings" bætt við **"næstliðins reikningsárs"**.

**8. gr.**

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að reikningsskil A-hluta ríkisreiknings séu í takt við almenn reikningsskil fyrirtækja með tilteknum frávikum. og ber þar hæst að fjármunamyndun er gjaldfærð en ekki eignfærð eins og hjá fyrirtækjum. Einnig lýtur færsla

skatttekna nokkurrar sérstöðu. Með hliðsjón af þessu er eðlilegra að hafa inni fyrstu setningu greinarinnar tilvísun til sérákvæða um bókhald ríkisins.

"A-hluti ríkisreiknings skal gerður í samræmi við viðurkennda reikningskilavenju, **"sbr. þó 1. gr."**, og skal m.a. geyma eftirfarandi upplýsingar". .....

Þingnefndin bætti orðunum "vegna rekstrar og framkvæmda" aftan við b. 2 c-lið 8. gr. Ríkisreikningsnefnd telur að þessi viðbót þrengi ákvæði greinarinnar frá því sem var upphaflega og leggur til að viðbótin hljóði svo **"m.a. vegna rekstrar og framkvæmda"**.

**9. gr.**

Í stað "lögþvingaðar" í 2. tl. greinarinnar komi **"lögbundnar"**.

**13. gr.**

Í stað orðanna "eftir ráðuneytum í 1. másl. 1. mgr. komi: **"á æðstu stjórn ríkisins og ráðuneyti"**.

**16. gr.**

Skammstöfunin **"a.m.k."** falli brott.

**17. gr.**

Þingnefndin gerir tillögu um að til viðbótar því að birta lykiltölur úr ársreikningum fjármálastofnana og félaga í D- og E-hluta skuli einnig birta samandregna útgáfu ársreikninga þeirra. Tillaga ríkisreikningsnefndar tók mið af því að um bókhald D- og E-hluta aðila gilda sérlög og er þeim skylt að birta ársreikninga sína opinberlega. Ekki var talin ástæða til að endurbirta þá í ríkisreikningi heldur að draga þar fram helstu stærðir úr ársreikningum þeirra. Lagt er til að í stað "lykiltölur úr ársreikningum" komi **"lykiltölur eða samandregna útgáfu ársreikninga"**.

**18. gr.**

Eins og fram kemur í skýrslu ríkisreikningsnefndar er í auknum mæli farið að gera kröfur til að úr reikningum ríkisins megi lesa upplýsingar um árangur af rekstrinum. Til að taka af vafa er gerð tillaga um að sett verði ákvæði í lögum sem heimila að óska eftir slíkum upplýsingum.

Aftan við 1. málsgrein komi eftirfarandi ákvæði:

**"Heimilt er hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra að leita eftir kennitölum um umsvif og árangur af starfsemi stofnana til birtingar með ársreikningi umfram það sem kveðið er á um í 8. gr."**

**20. gr.**

Aftan við orðin "sem undir það heyrar" í síðustu málsgrein komi: **"skv. stjórnarráðslögum og reglugerð"**.

**21. gr.**

Í greininni eru lagðar ríkar skyldur á aðila í B- og C-hluta að leita fyrirfram heimilda til ýmissa athafna er varða rekstur þeirra svo sem um afskrift krafna.

"Lagt er til að síðari hluti 1. málsgreinar **"fyrirtæki og sjóðir í B- og C-hluta"** falli brott, enda er þessu ákvæði einkum beint að starfsemi A-hluta.

Eftir standa almenn ákvæði í 21. gr. um að fjárreiður B- og C-hluta skuli koma fram

í fjárlagafrumvarpi og sérákvæði í 25. gr. um framsetningu áætlana þessara aðila.

22. gr.

Síðari málsliður 2.m.gr.orðist svo: "Skulu þar bæði sýndir álagðir skattar og gjöld og innheimtar tekjur".

24. gr.

a. Á eftir orðinu "útgjaldaáformum" í 1. másl. 1. mgr. komi: "æðstu stjórnar ríkisins".

b. Í upphafi 2. mgr. komi: "Æðstu stjórn ríkisins".

28. gr.

Við 1. mgr. bætist "og greiðslubyrði lána".

29., 31. og 42. gr.

Athugasemdir hafa komið fram um það að ákvæði greinarinnar um skyldu B- og C-hluta fyrirtækja og lánastofnana til að afla heimildar Alþingis til kaupa og sölu þeirra eigna sem þar eru taldar upp þrengi verulega ákvæði laga um starfsemi þeirra og skapi mikla óvissu varðandi mikilvæga þætti í starfsemi þeirra eins og um ávöxtun fjár í hlutabréfasjóðum og hlutabréfaeign í einstökum fyrirtækjum.

Gerð er tillaga um að ríkisfyrirtæki og lánastofnanir í B- og C-hluta verði undanþegnar þessu ákvæði. Sama muni þá eiga við um 31. gr. Þá er gert ráð fyrir að ákvæði 42. greinar verði fellt út úr frumvarpinu. Eftir sem áður þurfa þessir aðilar að gera grein fyrir fjárreiðum sínum þ.m.t. fjárfestingum og sölu eigna í fjárlögum og ríkisreikningi, þannig er tryggð aðild Alþingis að stefnumörkun þeirra í rekstri.

Þá er gerð tillaga um að 4. tl. verði endurorðaður þannig:

" 4. Söfn og safnhluti sem hafa að geyma menningarverðmæti".

30. gr.

Á síðasta þingi var lagt fram frumvarp til laga um þjónustusamninga og hagræðingu í ríkisrekstri. Vegna skyldleika efni þess frumvarps við ákvæði 30. gr. í fjárreiðufrumvarpinu var ákveðið að fresta afgreiðslu þess og kanna möguleika á að fella ákvæði þess inn í fjárreiðufrumvarpið.

Gerð er tillaga um að 30. gr. hljóði svo:

Einstökum ráðherrum er heimilt með samþykki fjármálaráðherra að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs við aðra ríkisstofnun en sinnt hefur verkefninu, sveitarfélög eða einkaaðila, enda sé áætlað fyrir verkefninu í fjárlögum. Slikir samningar skulu í engu breyta réttarstöðu þeirra sem þjónustan beinist að.

Í samningi um verkefni skv. 1. mgr. skal m.a. skilgreina þá þjónustu sem ríkissjóður kaupir, greiðslur ríkissjóðs, réttarstöðu þeirra sem þjónustan beinist að, eftirlit með samningnum og meðferð ágreiningsmála.

Fjármálaráðherra skal með reglugerð setja nánari reglur um undirbúning, gerð og eftirlit með samningnum samkvæmt þessari grein og um þær almennu kröfur sem gera skal til samningsaðila, svo sem um fjárhagslegt bolmagn, faglega þekkingu og aðstöðu.

**33. gr.**

Fyrri málsliður orðist svo: "Valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum er fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðslur af hendi enda þoli hún ekki bið.

**37. gr.**

Í stað orðanna "Heimilt er" í 2. mgr. komi: "Að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra er heimilt".

**40. gr.**

Þingnefndin gerir tillögu um að samhliða því að fjármálaráðherra geri grein fyrir horfum í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu skuli jafnframt gera grein fyrir afkomu stofnana.

Ekki er ljóst hvað liggur á bak við þessa tillögu en í henni felst veruleg efnisbreyting ef gera á grein fyrir afkomu einstakra stofnana þar sem afla þarf mun víðtækari upplýsinga frá þeim innan ársins en gera þyrfti að öðru leyti. Því er lagt til að á eftir ..... horfum í ríkisfjármálum á árinu, komi "og helstu frávík frá fjárlögum í afkomu stofnana".

**42. gr.**

Í stað "skulu skila rekstrarhagnaði sínum í ríkissjóð", komi: "Skulu skila eðlilegum hluta af rekstrarhagnaði sínum í ríkissjóð".

Fyrri ákvæði var talið of fortakslaust. Í stað þess að öllum rekstrarhagnaði er skilað í ríkissjóð þykir rétt að löginn heimili að taka tillit til fjárhagsstöðu fyrirtækis (eiginfjárhagsstöðu, skuldsetningar), þegar fjárhæð arðgreiðslu í ríkissjóð er ákveðin.

**43. gr.**

Greinin er endurorðuð þannig að í upphafi er bætt við orðunum "Ef þörf krefur".

**45. gr.**

Á eftir orðunum "sérstaka skrá" komi: "ásamt skýringum".

**47. gr.**

Í greininni er 2. og 3. málsliður endurorðaður svo: "Í henni skulu sitja ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis, ríkisbókari, ríkisendurskoðandi og hagstofustjóri auk tveggja fulltrúa sem fjármálaráðherra skipar eftir tilnefningu Seðlabanka Íslands og Þjóðhagsstofnunar."

**48. gr.**

Lagt er til að ákvæði um starfsemi ríkisbókhalds verði nokkru fyllri en frumvarpið gerði ráð fyrir.

1. mgr. orðist svo:

"Ríkisbókhald er sérstök ríkisstofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra. Ríkisbókari veitir Ríkisbókhaldi forstöðu og er skipaður af fjármálaráðherra".

Jafnframt fellur niður síðasti málsliður greinarinnar.

**49. gr.**

Í stað tilvísunar "Sbr. lög nr. 38/1954" í 2. mgr. komi: "samkvæmt lögum".

52. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 52/1966, um ríkisbókhalð, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með síðari breytingum og lög nr. 103/1974, um lántökur ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Þrátt fyrir ákvæði 52. gr. skal frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1997 svo og frumvarp til fjáráukalaga fyrir það ár fylgja ákvæðum laga nr. 52/1966. Sama gildir um uppgjör ríkisreiknings fyrir árið 1997.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Fyrir 1. september 1997 skal endurskoða samninga um rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs sem ríkissjóður greiðir og ekki fullnægja skilyrðum 30. gr. laga þessara.